



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Réttlát umskipti á leiðinni til kolefnishlutleysis – Nýsköpunarsjóður námsmanna 2022

Meðfylgjandi er kynning á verkefninu Réttlát umskipti á leiðinni til kolefnishlutleysis sem unnið var sumarið 2022 á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Verkefnið vann Brynhildur Hallgrímsdóttir nemandi í hagnýtingu jafnréttisfræða við Háskóla Íslands. Í verkefninu eru kortlögð helstu kynja- og jafnréttissjónarmið sem taka þarf tillit til við ákvarðanatöku og stefnumótun í loftlagsmálum. Afurð verkefnisins er rafræn þekkingarkista á vefsíðu Reykjavíkurborgar sem er ætlað að nýtast borginni sem og öðrum sveitarfélögum, ríki og stofnunum á vegferðinni í átt að kolefnishlutleysi.

Óskað er eftir að kynna verkefnið á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 8. september 2022.

Virðingarfyllst,
Sigríður Finnbogadóttir
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Kynning á verkefninu Réttlát umskipti á leiðinni til kolefnishlutleysis



Réttlát umskipti á leiðinni til kolefnishlutleysis

Brynhildur Hallgrímsdóttir

Lýsing á verkefni

Loftslagsmál eitt stærsta viðfangsefni samtímans en áhrif þeirra á líf fólks geta verið ólík eftir stöðu fólks í samfélaginu.

Verkefnið miðaði að því að kortleggja kynja- og jafnréttissjónarmið sem horfa þarf til samhliða þróun Reykjavíkurborgar í átt að kolefnishlutleysis

Hvergi er hægt að nálgast aðgengilegar upplýsingar um hvaða kynja- og jafnréttissjónarmið skipta máli þegar kemur að aðgerðum við loftslagsbreytingum hér á landi

Verkefnið mun stuðla að því að þekking og rannsóknir á þessu sviði verði aðgengilegar fyrir sveitarfélög, stjórnvöld og stofnanir og nýtist við ákvarðanatöku

Mikilvægi
kortlagningu kynja-
og
jafnréttissjónarmiða

Samkvæmt íslenskum jafnréttislögum ber opinberum stofnunum og ráðuneytum að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í allar stefnur og áætlanagerðir.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar byggir á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til stöðu þeirra í samfélaginu

Undirstaða og útkoma

Verkefnið byggir á fyrirliggjandi rannsóknum og þekkingu, þá helst í nágrennalöndum Íslands og Evrópu.

Niðurstöður birtar í formi þekkingarkistu sem styður við stefnumótun og ákvarðanatöku Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum. Þekkingarkistan er opin öllum og mun því einnig nýtast öðrum aðilum t.d. íslenskum stjórnvöldum og öðrum sveitarfélögum

Framkvæmd

1. Byggir á heimildaöflun fyrirliggjandi rannsókna og þekkingu á kynja- og jafnréttissjónarmiðum sem þarf að hafa í huga í umhverfis- og loftslagsmálum

2. Til að finna viðeigandi heimildir og afmarka efnið ákvað ég að finna og vinna með áherslur Reykjavíkurborgar í loftslagsáætlun borgarinnar fyrir árin 2021-2025, Græna planinu og að lokum aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum.

Áherslur Reykjavíkurborgar og íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum

Áætlun	Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021-2025 (2021)	Græna planið (2020)	Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum (2020)
Áherslur	Samgöngur, venjur íbúa líkt og umhverfisvæn hegðun, vistvænar byggingar, hringrásarhagkerfið, orkuskipti, kolefnisbinding, náttúruhamfarir	Uppbygging innviða; íbúðabyggingar og athafnasvæði, fjárfestingar í samgöngum, atvinnutækifæri í þekkingargeiranum, lífvisindum, hugbúnaðarþróun, skapandi greinum og nýsköpun	Samgöngur á landi, landbúnaður, úrgangur og sóun, hvatar til umskipta; hvetja til umskipta í samfélaginu, landnotkun- kolefnisbinding


Framkvæmd

3. Viðeigandi heimildum aflað eftir áherslum borgarinnar og íslenskra stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum og þær kortlagðar eftir kynja- og jafnréttissjónarmiðum

4. Heimildir greindar eftir þemu og umfjöllunarefni

5. Fimm áherslusvið valin ásamt undirflokkum sem mynduðu niðurstöðurnar fyrir þekkingarkistuna

Áherslusvið



Þekkingarkista

Þekkingu komið fyrir inn á vefsíðu sem Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa hefur umsjón með. Hægt að nálgast hana undir [Reykjavik.is/loftlagsmal-tekkingarkista](https://reykjavik.is/loftlagsmal-tekkingarkista)

Upplýsingar á vefsíðunni eru settar fram eftir fimm áherslusviðum og undirflokkum þeirra sem greining heimilda leiddi í ljós Þá eru tekin dæmi og hugmyndir frá öðrum löndum sem bæði borgin og stjórnvöld gætu lært af

Opin öllum